

Samningur um áhættu og eigna- og fjarstýringu viðskipta með rafmyntir

1. gr. Inngangur

Eftirfarandi er samningur um áhættu- og eigna- og fjarstýringu rafmynta og uppgjör þóknunar milli Bálka Miðlun ehf., kt. 550819-1200 og viðskiptavinar. Framvegis þegar vísað er í samningi þessum í Bálka felst í því tilvísun í fyrirtækið Bálkar Miðlun ehf. Framvegis þegar vísað er í áhættu-, eigna- eða fjarstýringu rafmynta í samningi þessum er átt við sjálfvirka viðskiptaráðgjöf Bálka Miðlunar sem felur í sér ráðgjöf um kaup, sölu og skortsölu á rafmyntum. Framvegis þegar vísað er í skiptimarkaði, kauphöll eða markað er átt við markaði með rafmyntir þar sem hægt er að kaupa og selja rafmyntir.

2. gr. Viðskiptavinir

Viðskiptavinir skulu vera fjárráða einstaklingar eða fyrirtæki. Bálkar Miðlun ehf er hvorki banki né fjármálafyrirtæki heldur fyrirtæki sem sérhæfir sig í miðlun, áhættu- og eignastýringu rafmynta eins og nánar greinir í samningi þessum.

3. gr. Þjónusta

Bálkar veitir þjónustu sem felur í sér áhættu- og eignastýringu rafmynta, t.d. Bitcoin.

Bálkar hafa þróað gervigreindar hugbúnað (tauganet), sem er sjálf lærandi og hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun og lágmarka áhættu af viðskiptum með rafmyntir. Þessi hugbúnaður gefur tilmæli um kaup og sölu rafmynta og munu starfsmenn eða hugbúnaður Bálka stýra kaupum og sölu rafmynta fyrir hönd viðskiptavina í samræmi við tilmæli gervigreindar.

Þjónustan er innt af hendi á skiptimarkaði þar sem Bálkar Miðlun hefur viðskiptareikning og eftir tilvikum er eignum stýrt sjálfvirkt með API aðgangi Bálka að markaði.

4. gr. Áhætta og ábyrgð

VIÐSKIPTAVINIR ERU MEÐVITAÐIR UM AÐ MIKIL ÁHÆTTA FELST Í VIÐSKIPTUM MEÐ RAFMYNTIR, ÞAR SEM MARKAÐSVIRÐI RAFMYNTA Á ÞAÐ TIL AÐ HÆKKA OG LÆKKA MIKIÐ INNAN DAGS OG YFIR LENGRI TÍMABIL.

ÞÓ SVO BÁLKAR SINNI ÁHÆTTU- og EIGNASTÝRINGU Í ÞVÍ FORMI SEM AÐ FRAMAN GREINIR FYRIR VIÐSKIPTAVINI GETUR SVO FARIÐ AÐ FÉ TAPIST, SEM BÁLKAR BERA EKKI ÁBYRGÐ Á. VIÐSKIPTAVINUR Á EKKI KRÖFU EÐA AÐRA INNEIGN Á HENDUR BÁLKUM EF ILLA FER OG FÉ VIÐSKIPTAVINA TAPAST.

VIÐSKIPTAVINIR ERU VARAÐIR VIÐ AÐ SKULDSETJA SIG FYRIR FJÁRFESTINGUM Í RAFMYNTUM OG AÐ EINUNGIS FJÁRFESTA FYRIR FÉ SEM ÞEIR ERU REIÐUBÚNIR AÐ GETI TAPAST EF ILLA FER.

ATHUGIÐ AÐ ÁVÖXTUN Í FORTÍÐ ER EKKI ÁVÍSUN Á ÁVÖXTUN Í FRAMTÍÐ.

Lýsing á viðskiptum sem viðskiptavinur samþykkir:

Dæmi um viðskipti:

Skortsala:

Ef Bálkar mæla með skortsölu á það við um viðskipti á markaði sem heimilar framvirka sölu á rafmyntum t.d. á BTC/USD. Þá þarf að selja þá BTC og svo selja aftur sama magn til að komast í skortstöðu. BTC á reikningi er því veðsett og selt 2x, til að ná fram nettó 1x skortstöðu. Við upphaf skortstöðu er veðrymi, sem ætti að koma í veg fyrir veðköll nema virði BTC/USD hækki um ca. 95% á meðan viðskiptavinur er í skortstöðu.

Ef veðkall á sér stað er staða viðskiptavinar innleyst og tapast.

Kaup:

Ef Bálkar mæla með kaupum á rafmynt t.d. BTC/USD fyrir viðskiptavin munu Bálkar senda inn boð á markaðinn til að loka öllum skortstöðum (ef þau eru til staðar) og kaupa BTC, þannig að nettó staða viðskiptavina verði jákvæð í BTC.

Sala:

Ef Bálkar mæla með sölu á BTC/USD fyrir viðskiptavin munu Bálkar senda inn boð á markaðinn til að selja BTC fyrir USD, þannig að nettó staða verði einungis í USD.

5. gr. Auðkenning

Viðskiptavinir skulu auðkenna sig með löglegum skilríkjum og gefa upp nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, tölvupóstfang og svara áreiðanleikakönnun Bálka vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka eins og lög áskilja.

Ef viðskipti eru gerð beint í nafni viðskiptavinar, þarf hann að skrá sig og auðkenna á skiptimarkaði, sem notaður er í eignastýringu Báلكa, í þessum tilfellum gilda skilmálar þess markaðar um auðkenningu viðskiptavinar.

Notandi skal halda öllum upplýsingum er varða auðkenningu hans á skiptimörkuðum leyndum og ber hann ábyrgð á því að slíkar öryggisupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum aðgerðum á skiptimörkuðum sem framkvæmdar eru við og eftir innskráningu notanda, sem byggir á auðkenninu og eru samkvæmt skilmálum þessum. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi hafa fengið vitneskju um auðkenningu hans skal hann tafarlaust tilkynna slíkt til Báلكa.

6. gr. Samþykki

Með því að senda tölvupóst á balkar@balkar.is, með þessum samningi undirrituðum af viðskiptavini eru skilmálar þessir samþykktir. Einnig er hægt að samþykkja þessa skilmála með því að svara áreiðanleikakönnun Báلكa, þar sem merkt er við að viðskiptavinur samþykki skilmálana ásamt því að hann sendir inn ljósmynd af persónuskilríkjum til auðkenningar.

7. gr. Tenging við markaði

VIÐSKIPTAVINIR SEM EIGA SJÁFIR VIÐSKIPTI Í EIGIN NAFNI ER ÓHEIMILT AÐ SKRÁ SIG INN Á MARKAÐI GEGNUM VPN EÐA TOR-NETWORK, SEM GEFUR ÞÁ MYND AÐ VIÐSKIPTAVINURINN SÉ STAÐSETTUR Í USA, BERMUDA, SEYCHELLES, HONG KONG, CANADIAN/QUEBEC, CUBA, CRIMEA, SEVASTOPOL, SYRIA, NORTH KOREA OG SUDAN EÐA ÖÐRUM LÖNDUM ÞAR SEM VIÐSKIPTI MEÐ RAFMYNTIR EÐA FRAMVIRKASAMNINGA MEÐ RAFMYNTIR ERU TAKMARKAÐAR EÐA BANNAÐAR.

Viðskiptavinur leggur sjálfur til endabúnað og tengingu við veraldarvefinn og þann hugbúnað sem nauðsynlegur er til tengingar við skiptimarkað ef hann vill hafa yfirlit yfir stöðu sína. Notandi ber sjálfur fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota, þar á meðal ber hann ábyrgð á vafra (browser) og stýrikerfi tölvubúnaðar hverju sinni. Viðskiptavinur ber að kynna sér almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma og ber sjálfur ábyrgð á tölvuvírusum, ormum eða öðrum veirum sem mögulega geta verið á tölvubúnaði notanda og haft áhrif á notkun hans á skiptimarkaði og í samskiptum við Báلكa.

8. gr. Framkvæmd beiðna og þjónusturof

Beiðnir um aðgerðir, t.d. stöðvun viðskipta, uppgjör viðskipta, stækkunar stöðu eða lækkun á stöðu, sem berast Bálkum eftir lokun bankadags, kl 16 GMT, kunna að verða framkvæmdar næsta virkan dag á eftir eða eftir tilfellum eftir 1-3 viðskiptadaga ef um er að ræða millifærslur gjaldmiðla milli landa.

Viðskipti með rafmyntir geta tafist sökum þess að það þarf að millifæra rafmynt af veski inn á markað. Markaðir gefa sér mismunandi langan tíma eftir rafmyntum í að samþykkja millifærslur inn á markaðinn. Í einhverjum tilvikum getur slík millifærsla tekið nokkra klukkustundir ef mikið álag er á bálkakeðju rafmyntarinnar.

Aðgangur Bála að skiptimarkaði kann að verða rofinn um stundarsakir án tilkynningar, ef uppfæra þarf skrár, breyta kerfi, internet samband rofnar o.þ.h.. Bálar munu þó leitast við að tilkynna notanda um þjónusturof með góðum fyrirvara. Notanda er jafnframt ljóst að beiðnir frá honum geta tafist tímabundið vegna þessa.

Ef internet samband rofnar frá eða til skiptimarkaðar munu tilboð viðskiptavina hanga inni á markaðnum og verða ekki uppfærð á meðan. Bálar bera ekki ábyrgð á slíku rofi.

Úttektir BTC eru framkvæmdar einu sinni á dag, kl 12:00 GMT og þurfa viðskiptavinir sem óska eftir uppgjöri og úttektum að gera það fyrir kl 10:00, þannig að uppgjör þóknunar og úttektir geti farið fram fyrir kl 12:00.

9. gr. Leiðréttingar

Notandi skuldbindur sig til þess að fylgjast vel með stöðu sinni á skiptimarkaði ásamt öllum millifærslum inn og út og skal gera Bálkum samstundis viðvart verði hann var við ósamþykktar hreyfingar.

Ef viðskiptavinur á sjálfur viðskipti á skiptimarkaði eða tekur út rafmyntir af reikningi sínum ber hann fulla ábyrgð á þeim gjörningum, sem ekki er hægt að leiðrétta og eru ekki á ábyrgð Bála.

10. gr. Þóknun og skuldfærsla

Ef staða viðskiptavinar í áhættu- og eignastýringu hækkar í rafmyntum talið innheimta Bálar þóknun, sem er hlutfall af aukningu rafmynta eða USD eign umreiknað yfir í fjölda rafmynta við lok mánaðar sbr töflu hér fyrir neðan.

Virði eigna í áhættu- og eignastýringu	Hlutur Bálda	Hlutur Viðskiptavinar
Undir \$10.000	50%	50%
Milli \$10.001 og \$100.000	40%	60%
Milli \$100.001 og \$150.000	30%	70%
Yfir \$150.001	20%	80%

Dæmi: Ef viðskiptavinur á ígildi USD 15.000 í Bitcoin BTC eða í USD í áhættu- og eignastýringu við lok mánaðar, deilir viðskiptavinur 40% af þeirri aukningu Bitcoin BTC eignar (eða USD ígildi Bitcoin BTC) sem átti sér stað í frá því þóknun var innheimt síðast, oftast mánaðarlega. Ef staða viðskiptavinar lækkar eða stendur í stað yfir mánuðinn (í Bitcoin BTC talið) innheimtir Báldar enga þóknun.

Báldar senda viðskiptavinum reikning vegna uppgjors þóknunar og geta viðskiptavinir valið um að greiða þóknunina í ISK, USD, EUR eða BTC. Ef viðskiptavinur er í áhættu- og eignastýringu á reikningum Bálda en ekki sínum eigin reikningum, heimilar hann jafnframt að Báldar gjaldfæri þóknun af reikningi sínum sjálfkrafa.

Viðskiptavinir hafa 7 daga til að greiða þóknun fyrir þjónustuna eftir að reikningur hefur verið sendur út, ellegar verður slökkt á stýringunni.

11. gr. Breytingar á skilmálum

Verði skilmálum þessum breytt skal tilkynna notanda um slíkar breytingar annað hvort skriflega um skráð tölvupóstfang notanda.

Sætti notandi sig ekki við breytingar skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna Báldum um uppsögn samnings um eignastýringu / fjarstýringu, en samningurinn er uppsegjanlegur með 14 daga fyrirvara sbr. 14. gr. skilmála þessa. Að öðrum kosti teljast hinir breyttu skilmálar bindandi.

12. gr. Fyrirvarar

Bálkar bera ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði viðskiptavina, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við skiptimarkað með vafra (browser) eða stýrikerfi. Bálkar bera ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint sem valda því að færslur og viðskipti á skiptimarkaði geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri tölvu- og/eða viðskiptakerfa. Bálkar bera ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptavina á skiptimarkaði eða annars aðila með eða án umboðs viðskiptavina.

Bálkar bera ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum og viðskiptum viðskiptavina eða annara aðila með yfirráð eða aðgang viðskiptavina að skiptimarkaði. Bálkar bera ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h.. Ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atríða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure). Bálkar bera ekki ábyrgð á því tjóni sem rekja má til lokunar bankareikninga notenda eða Bálka eða skiptimarkaðar sem Bálkar notar í viðskiptum. Bálkar bera ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur getur orðið fyrir vegna breytinga á lögum eða lagasetning, sem takmarkar notkun rafmynta. Bálkar bera ekki ábyrgð á því tjóni sem rekja má til eðli rafmynta og greiðslumiðlunarneti viðkomandi rafmynta, t.d. árás á rafmyntina eða tafa í millifærslum.

Bálkar Miðlunbera ekki ábyrgð á því tjóni sem rekja má til tölvuinnbrota (hacking), tölvuorma, vírusa eða netárása, sem orðið geta á greiðslumiðlunarneti netgjaldmiðla, á endabúnað viðskiptavina eða á skiptimarkaði.

Bálkar Miðlun ber ekki ábyrgð á fjárhagslegu tjóni / tapi af viðskiptum áhættu- og eignastýringar fyrir hönd viðskiptavina sinna.

13. gr. Trúnaður

Með viðskiptasambandi við Bálka Miðlun verða persónuupplýsingar viðskiptavinar aðgengilegar Bálkum, sem ekki verður hægt að eyða. Samkvæmt ákvæðum laga er Bálkum og starfsmönnum Bálka og hverjir þeir sem taka að sér verk fyrir Bálka, bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða einkamálefni viðskiptavina, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum.

Bálkar mun afhenda Fjármálaeftirliti, Ríkisskattstjóra og lögreglu notendaupplýsingar og upplýsingar um viðskipti notenda ef grunur vaknar um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða aðra ólöglega starfsemi notenda, að því gefnu að grunuð brot varði við lög eða áskildum heimildum þessara aðila sé framvísað.

14. gr. Uppsögn, vanefndir o.fl.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur þessa samnings og skilmálum eru 14 dagar. Bálfkar geta sagt upp samningi við notanda með tilkynningu í tölvupósti eða skriflegri tilkynningu á heimilisfang skv. skráningu.

Verði notandi uppvís að misnotkun, eigin viðskipta á skiptimarkaði, gruns um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Bálfkar bjóða upp á er Bálfkum heimilt að rjúfa stýringu á reikningi viðskiptavinar fyrirvaralaust og án tilkynningar. Sama gildir leyti notandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttarúrræða, gert er árangurslaust fjárnám hjá notanda, beðið um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldþrotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar ástæður koma upp sem að mati Bálfka gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu notanda.

15. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16. gr. Skuldfærsla þjónustugjalda og þóknana

Viðskiptavinur greiðir þóknun skv. 10. grein þessa samnings eigi síðar en þremur viðskiptadögum eftir úgáfu reiknings, sem er miðaður við stöðu og ávöxtun 1. hvers mánaðar.

Ef áhættu og eignastýringin á sér stað á reikningum Bálfka Miðlunar heimilar viðskiptavinar Bálfkum að gjaldfæra þóknun af innistæðu sinni í stýringu sem fullnustu greiðslu á mánaðarlegri þóknun. Ef áhættu og eignastýringin á sér stað á reikningum viðskiptavinum og greiðslur berast ekki Bálfkum innan greiðslufrests mun Bálfkar hætta þjónustu sinni við viðskiptavininn.

17. gr. Eigna- og yfirráðaréttur fjármuna og inneigna

Þegar viðskiptavinur millifærir íslenskrar krónur, rafmyntir eða aðra gjaldmiðla inn á bankareikning Bálfka til áhættu- og eignastýringar / fjarstýringar öðlast Bálfkar fullan eigna- og yfirráðarétt fyrir fénu, hvort sem um ræðir gjaldmiðla eða rafmyntir. Viðskiptavinur eignast samstundis inneignarnótu í sömu mynt eða annarri mynt sem samið er um.

Þegar viðskiptavinur innleysir inneignarnótur sína í gjaldmiðlum eða rafmyntum fær hann afhenta rafmyntina á reikningsnúmer sem hann tilgreinir eða gjaldmiðla á bankareikninga sem hann tilgreinir.

18. gr. Viðskipti og notkun á mörkuðum

Við millifærslu fjármuna til Bálla Miðlunar, hvort sem um ræðir rafmynt eða íslenskar krónur eða aðra gjaldmiðla, áskilja Bállar sér frest til að samþykkja eða hafna millifærslum, sem getur numið fjórum dögum. Helstu ástæður geta verið að millifærslur á bankareikningum innanlands eru takmarkaðar yfir helgar og á fridögum. Millifærslur rafmynta geta einnig tafist og gæti þurft að bíða eftir staðfestingu á greiðslumiðlunarneti rafmyntar.

1. Viðskiptavinir eru ábyrgir fyrir að millifæra rafmyntir eða gjaldmiðla inn á tilgreind reikningsnúmer eða bankareikning Bálla.

Ef notandi leggur fjármuni inn á aðra reikninga en Bállar Miðlun tilgreinir er ekki hægt að leiðrétta slíkar færslur.

Við millifærslu inn á bankareikning Bálla þurfa millifærslur viðskiptavina að koma af bankareikningum, sem eru auðkenndir með kennitölu viðkomandi viðskiptavinar.

2. Viðskiptavinir eru ábyrgir fyrir öllum kaup- og sölutilboð á skiptimörkuðum ef þeir eiga viðskipti í eigin nafni á mörkuðum.
3. Viðskipti á skiptimörkuðum eru pöruð eftir bestu verðum og tímasetningu tilboða. Frá er dregin þóknun til að uppfæra inneign viðskiptavinar. Ef engin kaup- eða sölutilboð eru til að para verður tilboðið eftir á markaði, þangað til aðrir notendur slá tilboðið eða tilboðin eru síðar fjarlægð af Bálkum.

4. Úttekt fjármuna. Notendur eru ábyrgir fyrir að tilgreina þau reikningsnúmer fyrir rafmyntir, sem þeir vilja nota til að taka út inneign sína. Bálfar geta ekki bakfært rafmyntir, sem eru sendir á röng reikningsnúmer.

Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir að tilgreina sinn eigin bankareikning, sem þarf að vera skráður á kennitölu notanda við úttekt gjaldmiðla. Ef viðskiptavinur tilgreinir ranga reikninga geta Bálfar ekki bakfært millifærslur.